

Hafnarfirði, 17.mars 2022
1912116 AUT

Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti
Guðmundur Ingi Guðbrandsson, ráðherra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Umsækjendur um alþjóðlega vernd

Hafnarfjarðarbær hefur verið með samning við Útlendingastofnun um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd frá árinu 2015. Núgildandi samningur kveður á um að sveitarfélagið veiti allt að 100 umsækjendum þjónustu og húsnæði, einstaklingum, fjölskyldum og pörum.

Norðurhella 15 og 17 er dvalarstaður fólksins á meðan unnið er úr umsókn um vernd.

Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar hefur lagt sig fram um að sinna þessu verkefni af kostgæfni og hefur skapast mikil þekking og sérhæfing innan sveitarfélagsins. Sérstaklega hefur verið lagt upp með að hlúa vel að börnum á flóttu og má nefna að í Hvaleyrarskóla er starfandi deild fyrir börn sem eru í þeirri stöðu. Börn á leikskólaaldri hafa fengið inni í leikskólum sveitarfélagsins.

Nú nýverið bárust þær upplýsingar til bæjaryfirvalda að Útlendingastofnun hefði tekið á leigu tvö hótél í sveitarfélaginu og þar væri nú dvalarstaður umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Forstjóri Útlendingastofnunar staðfesti þessar upplýsingar á fundi með bæjarstjóra þann 11. mars sl.

Um er að ræða Hótel Velli og Hótel Hraun og dvelja þar nú 102 einstaklingar og svigrúm er til að vera þar með 150 umsækjendur á hverjum tíma.

Hafnarfjarðarbær gerir alvarlega athugasemd við það að ekkert samráð var haft við fulltrúa sveitarfélagsins við þessa ráðstöfun Útlendingastofnunar. Fullur skilningur er á því að staðan í málaflokknum er mjög erfið og fjöldi þeirra sem leita hér eftir alþjóðlegri vernd hefur aukist mikið síðustu mánuði. Hafnarfjörður er eitt einungis þriggja sveitarfélaga sem er með samning við Útlendingastofnun og sinnir þessari þjónustu. Sveitarfélagið hefur metnað til að sinna áfram þeirri þjónustu eins vel og hægt er. Hafnarfjarðarbær leggur samt sem áður áherslu á að fleiri sveitarfélög komi að þessu mikilvæga og viðkvæma verkefni. Nú er svo komið sveitarfélagið er komið að þolmörkum og innviðir, s.s. grunnskólar og leikskólar, standa ekki undir þeirri þjónustu sem sveitarfélagið vill veita þessum hópi.



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður er eitt fimm sveitarfélaga sem hefur gert samning við félagsmálaráðuneytið um samræmda móttöku flóttafólks. Samningurinn tekur til þjónustu við flóttafólk sem hefur fengið alþjóðlega vernd. Sá samningur er þegar fullnýttur og meira til. Þar sem Útlendingastofnun hefur án samráðs nú þegar fjölgað umsækjendum um meira en eitt hundrað í sveitarfélaginu má gera ráð fyrir að stóraukið álag verði í samræmdu móttökunni.

Vakin er athygli á því að þessi staða var komin upp áður en móttaka flóttamanna frá Úkraínu hófst. Það skal skýrt tekið fram að Hafnarfjarðarbær hefur fullan hug á að taka þátt í því brýna verkefni en við blasir að fleiri sveitarfélög verða nú að koma að móttöku flóttafólks almennt og jafna þannig álagið á innviði sveitarfélaga.

Hér með er þess farið á leit að félagsmálaráðherra sjái til þess að álagið vegna mikils fjölda flóttafólks verði dreift með jafnari hætti á sveitarfélögin og að fleiri komið að þessum málum. Eins og fram hefur komið hefur skapast mikil sérþekking hjá starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar sem hafa sinnt þjónustu við fólk á flótta síðustu árin.

Sveitarfélagið er tilbúið til að veita öðrum sveitarfélögum ráðgjöf og stuðning til þess að hægt sé að sinna málum fólks á flótta sem allra best.

Virðingarfyllt,



Rósa Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri